



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS - ENDURSKOÐUN

Skipulaghópur og nefndir

26. mars 2018.

Mættir

Barði Ingibjartsson (Göngufélag Súdavíkur), Guðfinna Hreiðarsdóttir (sumarhúsaeygndur og landeigendur), Kristján G. Jóakimsson (sjávarútvegur), Salvar Baldursson (skipulags- og byggingarnefnd og hlunnindanýting), Jóhanna Kristjánsdóttir (landbúnaður), Axel R. Överby (skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar), Hulda Gunnarsdóttir (hafnar- og samgöngunefnd), Margrét Lilja Vilmundardóttir (fræðslunefnd), Stella Guðmundsdóttir (fræðslunefnd), Pétur G. Markan (Súdavíkurreppi), Gunnar Páll Eydal (Verkís), Erla Bryndís Kristjánsdóttir (Verkís) og Jóhann Birkir Helgason (byggingarfulltrúi, Verkís).

Fundur settur kl. 16:10 á skrifstofu hreppsins í Álftaveri.

Erla Bryndís og Gunnar Páll fóru yfir einstök málefni og málaflokka aðalskipulagsins og sýndu drög og skissur að aðalskipulaginu. Sýndar voru glærur með kortum og texta. Glærurnar verða settar á vefsíðu Súdavíkurrepps.

Íbúáþing og grundvöllur stefnumörkunar

Gunnar Páll rifjaði upp tilgang og niðurstöður íbúáþings og fór yfir stefnuskjöl og afurðir sem liggja til grundvallar stefnumörkuninni.

Leiðarljós og markmið

Gunnar Páll kynnti DRÖG að leiðarljósi fyrir aðalskipulagið.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum allra íbúa hreppsins.
- Að skipulag byggðar geri ráð fyrir uppbyggingu innviða þannig að samkeppnishæfni Súdavíkurrepps verði til jafns við aðra landshluta.
- Að skipulag byggðar viðhaldi og stuðli að fjölbreytileika samfélags og náttúru.

Súdavíkurreppur er lifandi, kraftmikið og sjálfbært samfélag þar sem allir íbúar geta notið sín. Áhersla er lögð á að vernda sögu og sérstæðar minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Hreppurinn beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda. Nýta á þau gæði sem felast í nálægðinni við náttúruna, ekki síst haf- og strandsvæðin. Sveitarfélagið leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem hvílir á

traustum innviðum og þeim auðlindum og félagsauði sem finna má í sveitarfélaginu. Lífsgæðin í hreppnum felast m.a. hreinleika og lítt spilltu umhverfi en einnig í einfaldleikanum, góðri þjónustu, góðri tengingu við umheiminn og aðgengi að náttúrunni.

Fram kom ábending um orðalag.

Atvinnusvæði og íbúðarsvæði

Gunnar Páll og Erla: Helstu þróunarmöguleikar í þéttbýlinu eru í nýju byggðinni og innan við hana.

Kalkþörungaverksmiðja

Farið yfir ákvörðunartökuferlið og hugmyndir Kalkþörungaverksmiðjunnar kynntar. Farið yfir helstu áhrif verksmiðjunnar skv. frummatsskýrslu og sjónarmið íbúa viðruð (frá íbúáþingi, skipulagshópi og kynningarfundum s.l. haust).

Lagðir voru fram 3 valkostir fyrir staðsetningu verksmiðjunnar.

1. Á fyllingu við Langeyri (skv. frummatsskýrslu).
2. Um 150 innan við Langeyri.
3. Við Hlíð.

Ræddir voru kostir og gallar mismunandi staðsetninga verksmiðjunnar. Færsla innar dregur úr áhrifum verksmiðjunnar í þéttbýlinu og á Langeyri. M.a. má gera ráð fyrir minni hættu á foki fínefnis og minni hávaða. Með færslu innar verða frekari þróunarmöguleikar á Langeyri og ofan núverandi vegar. Jafnframt verður mögulegt að stækka íbúðarsvæði til suðurs. Þessi staðsetning myndi hins vegar hafa neikvæðari áhrif á Hlíð í samanburði við hina tvo valkostina (utar). Fornminjum við Langeyri verður hlíft ef verksmiðjan verður færð innar. Fundarmenn telja almennt heppilegra að verksmiðjan verði staðsett innar en gert hefur verið ráð fyrir.

Þróunarmöguleikar í þéttbýlinu

Sýndir voru fjórir valkostir um legu jarðganga og kynnt gróf greining á áhrifum þeirra.

- Súðavík – Flugvöllur og Súðavík - Naustahvilft
 - Styttri leið
 - Mjög jákvæð áhrif á þjónustu og atvinnulíf
 - Takmarkar þróunarmöguleika í þéttbýli
- Dvergasteinn - Fossar
 - Lengri leið
 - Þrengir ekki að byggð
 - Jákvæð áhrif á þjónustu og atvinnulíf
- Djúpagil - Naustahvilft
 - Umferð fer í gegnum þéttbýlið
 - Lengri leið
 - Jákvæð áhrif á þjónustu og atvinnulíf
 - Erfiðar aðstæður – vegur á fyllingu.

Fundarmenn telja almennt að Djúpagil sé sísti kosturinn, því þá þarf umferðin að fara í gegnum þéttbýlið. Tekið er undir það sem fram kemur í greiningunni hér að ofan en menn telja að afla þurfi frekari gagna og greina betur þessa tvo valkosti. Einnig er mikilvægt að kynna vel þessa valkosti og fá umræður um þá. Fram kom sú hugmynd að halda ætti íbúafund um þetta málefni sérstaklega. Lega

vegarins og jarðganga skiptir miklu máli fyrir þróun í þéttbýli, bæði hvað varðar áhrif vegtengingar á þjónustu og íbúðarbyggð en einnig áhrif á framtíðar byggingarland. Vegur ofar getur haft jákvæð áhrif á verslun og þjónustu en neikvæð áhrif á íbúðarsvæðið og þrengt að stækkunarmöguleikum þéttbýlisins. Sveitarfélagið þarf að marka sér stefnu um þetta. Vegagerðin er að kanna jarðfræðilegar aðstæður og mun skýrsla um þann þátt liggja fyrir í haust.

Íbúðir fyrir eldri borgara

Erla Bryndís fór yfir staðarvalsgreiningu vegna íbúða fyrir eldri borgara. Skoðaðir voru nokkrir valkostir og útfærslur á þeim: Vallargata, Álfabyggð, Grundarstræti ofan götu, Grundarstræti neðan götu og Grundarstræti við Álftaver. Niðurstaða greiningarinnar var að heppilegasta staðsetningin væri ofan við Grundastræti utan við Álftaver. Fundarmenn voru sammála þessari niðurstöðu en svo fékk lóð neðan Grundarstrætis utan við Álftaver einnig hljómgrunn. Bent var á að mjög snjópungt væri við Vallargötu. Skiptar skoðanir eru um framtíð fótoltavallarins á milli Vallargötu og Holtagötu. Einnig var bent á að ekki megi þrengja um of að leikskólanum og skólanum svo hægt verði að stækka þá í framtíðinni.

Virkjanir í Ísafjarðardjúpi

Gunnar Páll kynnti þau áform sem Vesturverk og Orkubú Vestfjarða hafa sett fram um virkjanir í Ísafjarðardjúpi. Settir voru fram nokkrir valkostir um virkjanir. Fundarmenn eru almennt áhugasamir um að skoða möguleika á virkjunum en telja ekki forsendur fyrir því að velja ákveðna valkosti. Telja þeir mikilvægt að setja fram skýra valkosti og greiningar – enda sé þessi ákvörðun mjög stór og muni hafa afgerandi áhrif á samfélag og náttúru. Ræddir voru fjórir valkostir m.t.t. aðalskipulagsins:

1. Ekki gert ráð fyrir stærri virkjun eða virkjunum í Djúpinu
2. Skoða nánar – vantar frekari upplýsingar
3. Gert ráð fyrir að virkja – ekki útfært nánar
4. Ákveðnir virkjunarkostir valdir og settir fram í skipulaginu

Nokkur samhljómur var um að skoða ætti valkosti nr. 2 og 3 nánar.

Raflínur í Djúpi – hringtenging

Birt kort með tveimur líklegum valkostum. Annars vegar línulögn innst í fjörðunum og yfir heiðar og hins vegar utarlega á nesjum og með lagningu í sjó. Einnig þarf að huga að því hvort leggja eigi loftlínur eða jarðstrengi. Fundarmenn telja mikilvægt að fyrir liggja nánari greiningar og upplýsingar um jákvæð og neikvæð áhrif línulagnar.

Fristundabyggð

Rætt var um hversu mörg sumarhús eigi að heimila á hverri jörð í aðalskipulaginu auk sérstakra sumarhúsasvæða. Rætt var um þrjú hús og fjögur hús. Almennt vilja menn hafa nokkra sveigju til bygginga frístundahúsa. Ákveðið var á fundinum að gera ráð fyrir þremur húsum í tillögunni en að endurskoða það síðar í skipulag ef á þarf að halda.

Lagt var til að ekki verði skilgreind ný sumarhúsasvæði (með fleiri en þremur húsum) nema sérstaklega hafi verið óskað eftir því. Skoða á sérstaklega fjölda húsa á þeim svæðum þar sem búið er að byggja fleiri en þrjú hús, í samvinnu við landeigendur og rekstraraðila í ferðaþjónustu.

Landbúnaður

Erla Bryndís kynnti afmörkun landbúnaðarsvæða sem miðast að mestu við núverandi nýtingu.

Verndarsvæði, víðerni og hverfisvernd.

Gunnar Páll og Erla Bryndís kynntu lauslega svæði á náttúruminjaskrá og víðerni. Einnig var sýnt kort af aldri birkiskóga og rætt var um gildi birkiskóga. Umræður sköpuðust um verndun náttúru og verndun birkiskóga.

Kynntar voru hugmyndir um afmörkun hverfisverndarsvæða í dreifbýli og þéttbýli. Fram kom ósk frá Salvári í Vigur um að hverfisvernda ekki eyjuna. Jafnframt kom fram ósk frá Barða, landeiganda Hests, um að stækka afmörkun hverfisverndaðs svæðis á jörðinni miðað við það sem sett var fram í tillöggunni.

Annað

Greint var frá ósk landeiganda í Reykjarfirði um að taka áform um uppbyggingu í firðinum til umræðu í skipulagsvinnunni. Málið verður unnið áfram.

Niðurstaða

Ráðast þarf í frekari greiningar á ákveðnum þáttum aðalskipulagsins. Slík greining mun draga fram kosti og galla mismunandi valkosta og er hluti af umhverfismati aðalskipulagsins (umhverfismati áætlana).

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Gunnar Páll Eydal